

**From:** Stefán Árni Auðólfsson  
**Sent:** 25. apríl 2005 20:03  
**To:** nefnd-sg;  
**Subject:** FW: Vegna farmflutningafrumvarps

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1629*  
*komudagur 25.4.2005*

Daginn

Neðangreindur póstur var að berast mér en með honum vill Gestur reyna leiðrétt misskilning sem hann taldi hafa komið upp á milli Olíudreifingar og Landssamband vörubifreiðastjóra á fundi með sg-nefnd sl. föstudag.  
kv  
sta

---

**From:** Gestur Guðjónsson [mailto:gestur@odr.is]  
**Sent:** 25. apríl 2005 19:53  
**To:** Stefán Árni Auðólfsson  
**Subject:** Vegna farmflutningafrumvarps

Góðan daginn

Í framhaldi af fundi samgöngunefndar á föstudaginn þá kemur það skýrt fram í umsögn Olíudreifingar ehf að félagið leggur megináherslu á að félaginu verði ekki mismunað gagnvart öðrum aðilum sem eru í sama rekstri. Þannig að ef iögin verða þannig að aðrir aðilar í olíudreifingu verði undanþegnir lögunum, verði Olíudreifing ehf það einnig. Ef Olíudreifing ehf á samkvæmt lögunum af falla undir rekstrarleyfisskyldu, hlýtur það sömuleiðis að vera eðlileg jafnræðiskrafa að aðrir aðilar í olíudreifingu verði það einnig.

Vildi áréttu þetta til að fyrirbyggja allan misskilning.

Með bestu kveðju,  
Gestur Guðjónsson

26.4.2005